

# Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. verður haldinn 15. mars 2018

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til aðalfundar í félaginu sem haldinn verður í Kringlunni 5, 103 Reykjavík, fimmtudaginn 15. mars 2018 og hefst kl. 9:30.

## Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um lækkun hlutfjár vegna kaupa á eigin hlutum.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
  - a. Tillaga stjórnar félagsins um breytingu á samþykktum þess, sem í meginatriðum lýtur að breytingu á 4. gr. í tengslum við tillögu stjórnar um lækkun hlutfjár.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
9. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins.
10. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
11. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál og/eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. eigi síðar en kl. 9:30 mánudaginn 5. mars 2018. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á veffangið [stjorn@sjova.is](mailto:stjorn@sjova.is).

Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárliði á aðalfundinum sjálfum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins, [www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur](http://www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur).

Ekki er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðslur á aðalfundinum verði skriflegar nema einhver fundarmanna krefjist þess eða fundarstjóri úrskurðar um annað. Stjórnarkjör skal þó vera skriflegt ef fleiri eru í kjöri til stjórnar en kjósa skal. Kveðið er nánar um stjórnarkjör í samþykktum félagsins en kosið

er eftir hlutfallskosningu. Athygli er þó vakin á ákvæðum samþykktu um hlutfall kynja í stjórn félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Rafræn umboð má senda á veffangið [stjorn@sjova.is](mailto:stjorn@sjova.is) og skulu þeim fylgja upplýsingar til nægjanlegrar sönnunar um að rafræna umboðið stafi frá hluthafa, svo sem mynd vegabréfs eða ökuskríteinis hluthafa eða fyrirsvarsmanns hluthafa.

Aðalfundur er lögmaður, án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til hans boðað.

Frestur til að tilkynna framboð til stjórnar lýkur fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar þ.e. laugardaginn 10. mars 2018 kl. 9:30. Sitjandi stjórnarmenn í Sjóvá gefa allir kost á sér til endurkjörs. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Framboðseyðublöð er hægt að nálgast á vefsíðu félagsins. Hægt er að senda framboðstilkynningar á veffangið [stjorn@sjova.is](mailto:stjorn@sjova.is). Upplýsingar um frambjóðendur verða aðgengilegar á vefsíðunni [www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur](http://www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur), að lágmarki tveimur dögum fyrir aðalfund.

Endanleg dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ. á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund verða birt á vefsíðu félagsins [www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur](http://www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur) og liggja frammi á skrifstofu þess í Kringlunni 5, 103 Reykjavík. Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 9:00 á aðalfundardag. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 20. febrúar 2018.

**Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.**